Háskóli Íslands FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

# ÞJÓÐMÁLAKÖNNUN
Mars 1991

## Mikilvægustu málaflokkar kosningabaráttunnar

Unnið fyrir Kvennalistann

Umsjón
Stefán Ólafsson

Skýrslugerð
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Aðstoð við framkvæmd
Ásta Bárðardóttir
Karl Sigurðsson
María Ammendrup

**Apríl 1991**

## I. Framkvæmd og heimtur í mars 1991

Félagsvísindastofnun gerði þjóðmálakönnun dagana 23. til 26. mars 1991. Leitað var til 1500 manna á aldrinum 18 til 75 ára, af öllu landinu.

Upplýsinga var aflað um ýmis atriði er tengjast þjóðfélagsmálum.

Viðtölin voru tekin í síma. Alls fengust svör frá 1094 manns af þeim 1500 sem komu í úrtakið, sem var slembiúrtak úr þjóðskrá og er það 72,9% svarhlutfall. Nettósvörun - þegar frá upphaflegu úrtaki hafa verið dregnir þeir sem eru nýlega látnir, erlendir ríkisborgarar og fólk sem dvelur erlendis - er 75,0%.

Fullnægjandi samræmi er milli skiptingar úrtaksins og þjóðarinnar allrar eftir aldri, kyni og búsetu. Því má ætla að úrtakið endurspegli þjóðina, 18-75 ára, allvel.

SAMANTEKT UM FRAMKVÆMD:

| | |
|---|---|
| Upplýsingasöfnun: | 23. til 26. mars 1991 |
| Úrtak: | 1500 manns |
| Aldurshópur: | 18 til 75 ára |
| Búseta: | Allt landið |
| Framkvæmdamáti: | Símaviðtöl |
| Brúttósvörun: | 72,9% |
| Nettósvörun: | 75,0% |

SAMANTEKT UM HEIMTUR

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Svör | 1094 | 72,9 |
| Neita að svara | 129 | 8,6 |
| Látnir, erlendir ríkisborgarar | 42 | 2,8 |
| Veikir/geta ekki svarað | 18 | 1,2 |
| Svara ekki í síma, án síma | 32 | 2,1 |
| Næst ekki í, fluttir, finnast ekki | 185 | 12,3 |
| Alls | 1500 | 100% |

## II. Almennar niðurstöður

Hér á eftir er almennt yfirlit yfir niðurstöður könnunarinnar. Út frá neðangreindri töflu um vikmörk er hægt að meta tölfræðilegan áreiðanleika þessara niðurstaðna. Vikmörkin sýna með hve miklu öryggi má draga ályktanir af niðurstöðum úrtakskannana fyrir þýðið í heild (í þessu tilfelli þjóðina 18-75 ára).

Sem dæmi má taka tölur í töflu 1, sem sýnir svör við því á hvaða málaflokka fólki finnst Kvennalistinn leggja mesta áherslu. 15,1% svarenda telja Kvennalistann leggja mesta áherslu á dagvistunarmál og þar sem svarendur eru tæplega 1100 má gera ráð fyrir að 15,1 ± 2,1% (13-17,2%) af Íslendingum á aldrinum 18-75 ára telji Kvennalistann leggja mesta áherslu á dagvistunarmál. 9,8% ± 1,8%, eða 8-11,6% telja Kvennalistann leggja mesta áherslu á kvenna- og jafnréttismál. Þar sem bilin fyrir þessa tvo málaflokka skarast ekki má segja að marktækt fleiri telji Kvennalistann leggja mesta áherslu á dagvistunarmál heldur en kvenna- og jafnréttismál.

Tafla 2 sýnir hvaða málaflokka svarendum finnst Kvennalistinn leggja næst mesta áherslu á. Þar sem flestir nefndu aðeins einn málaflokk eru mjög margir sem falla hér undir flokkinn "Ekkert" og koma þeirra svör fram í töflu 1. Tafla 2a sýnir samanteknar niðurstöður úr töflum 1 og 2. Tafla 3 sýnir hvaða málaflokkar svarendum finnst að ættu að vera mikilvægastir í komandi kosningabaráttu og eru þar flestir sem nefna launa- og kjaramál (38,4%) og atvinnumál (30,8%). Tafla 4 sýnir hvaða málaflokkar fólki finnast mikilvægastir, greint eftir bakgrunnsbreytunum kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, stétt og stuðningi við flokk og er marktækur munur á skoðunum hópanna í öllum tilfellum. Sem dæmi má nefna að konur telja launa- og kjaramál og fjölskyldu- og skólamál mikilvægustu málefnin, en karlar telja atvinnumál og launa- og kjarmál mikilvægust. Tafla 5 sýnir síðan hvaða málefni svarendur telja Kvennalistann leggja mesta áherslu á, greint eftir því hvaða málefni þeir telja mikilvægust.

Vikmörk í úrtakskönnunum (95% öryggismörk)

| Stærð svarendahóps | Niðurstöðutölur í % | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5/95 | 10/90 | 15/85 | 20/80 | 25/75 | 30/70 | 35/65 | 40/60 | 45/55 | 50 |
| 100 | 4,3 | 5,9 | 7,0 | 7,8 | 8,5 | 9,0 | 9,3 | 9,6 | 9,8 | 9,8 |
| 200 | 3,0 | 4,2 | 4,9 | 5,5 | 6,0 | 6,4 | 6,6 | 6,8 | 6,9 | 6,9 |
| 300 | 2,5 | 3,4 | 4,0 | 4,5 | 4,9 | 5,2 | 5,4 | 5,5 | 5,6 | 5,7 |
| 400 | 2,1 | 2,9 | 3,5 | 3,9 | 4,2 | 4,5 | 4,7 | 4,8 | 4,9 | 4,9 |
| 500 | 1,9 | 2,6 | 3,1 | 3,5 | 4,0 | 4,0 | 4,2 | 4,3 | 4,4 | 4,4 |
| 600 | 1,7 | 2,4 | 2,9 | 3,2 | 3,5 | 3,7 | 3,8 | 3,9 | 4,0 | 4,0 |
| 700 | 1,6 | 2,2 | 2,6 | 3,0 | 3,2 | 3,4 | 3,5 | 3,6 | 3,7 | 3,7 |
| 800 | 1,5 | 2,1 | 2,5 | 2,8 | 3,0 | 3,2 | 3,3 | 3,4 | 3,4 | 3,5 |
| 900 | 1,4 | 2,0 | 2,3 | 2,6 | 2,8 | 3,0 | 3,1 | 3,2 | 3,3 | 3,3 |
| 1000 | 1,4 | 1,9 | 2,2 | 2,5 | 2,7 | 2,8 | 3,0 | 3,0 | 3,1 | 3,1 |
| 1100 | 1,3 | 1,8 | 2,1 | 2,4 | 2,6 | 2,7 | 2,8 | 2,9 | 3,0 | 3,0 |

**Tafla 1**
Á hvaða málaflokka finnst þér Kvennalistinn leggja mesta áherslu?

| | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall, þeir sem svara |
|---|---|---|---|
| Ekkert | 77 | 7,0 | 9,5 |
| Mjúk mál | 99 | 9,0 | 12,2 |
| Kvenna- og jafnréttismál | 107 | 9,8 | 13,2 |
| Launa- og kjaramál | 56 | 5,1 | 6,9 |
| Félags-, húsnæðis-og byggðamál | 56 | 5,1 | 6,9 |
| Mannúðar- og heilbrigðismál | 27 | 2,5 | 3,3 |
| Umhverfismál | 30 | 2,7 | 3,7 |
| Dagvistun | 165 | 15,1 | 20,3 |
| Fjölskyldumál/mál barna | 90 | 8,2 | 11,1 |
| Menntamál | 11 | 1,0 | 1,4 |
| Atvinnu- og efnahagsmál | 12 | 1,1 | 1,5 |
| Neikvæðar athugasemdir | 58 | 5,3 | 7,1 |
| Annað | 24 | 2,2 | 3,0 |
| Neitar/veit ekki | 282 | 25,8 | - |
| Alls | 1094 | 100% | 100% |

**Tafla 2**
Á hvaða málaflokka finnst þér Kvennalistinn leggja næstmesta áherslu?

| | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall, þeir sem svara |
|---|---|---|---|
| Ekkert | 494 | 45,2 | 60,8 |
| Mjúk mál | 10 | 0,9 | 1,2 |
| Kvenna- og jafnréttismál | 45 | 4,1 | 5,5 |
| Launa- og kjaramál | 37 | 3,4 | 4,6 |
| Félags-, húsnæðis-og byggðamál | 12 | 1,1 | 1,5 |
| Mannúðar- og heilbrigðismál | 32 | 2,9 | 3,9 |
| Umhverfismál | 28 | 2,6 | 3,4 |
| Dagvistun | 49 | 4,5 | 6,0 |
| Fjölskyldumál/mál barna | 75 | 6,9 | 9,2 |
| Menntamál | 22 | 2,0 | 2,7 |
| Atvinnu- og efnahagsmál | 4 | 0,4 | 0,5 |
| Neikvæðar athugasemdir | 1 | 0,1 | 0,1 |
| Annað | 4 | 0,4 | 0,5 |
| Neitar/veit ekki | 281 | 25,7 | - |
| Alls | 1094 | 100% | 100% |

**Tafla 2a**
Samanlagður fjöldi tilnefninga úr töflum 1 og 2
Þeir sem nefna einhverja málaflokka

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Mjúk mál | 109 | 10,3 |
| Kvenna- og jafnréttismál | 152 | 14,4 |
| Launa- og kjaramál | 93 | 8,8 |
| Félags-, húsnæðis-og byggðamál | 68 | 6,5 |
| Mannúðar- og heilbrigðismál | 59 | 5,6 |
| Umhverfismál | 58 | 5,5 |
| Dagvistun | 214 | 20,3 |
| Fjölskyldumál/mál barna | 165 | 15,7 |
| Menntamál | 33 | 3,1 |
| Atvinnu- og efnahagsmál | 16 | 1,5 |
| Neikvæðar athugasemdir | 59 | 5,6 |
| Annað | 28 | 2,7 |
| Alls | 1054 | 100% |

**Tafla 3**
Hver af eftirfarandi málaflokkum finnst þér að ætti að vera mikilvægastir í komandi kosningabaráttu?

| | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall, þeir sem svara |
|---|---|---|---|
| Launa- og kjaramál | 395 | 36,1 | 38,4 |
| Fjölskyldu- og skólamál | 191 | 17,5 | 18,6 |
| Atvinnumál | 317 | 29,0 | 30,8 |
| Umhverfismál | 54 | 4,9 | 5,2 |
| Utanríkismál | 41 | 3,7 | 4,0 |
| Fleira en eitt nefnt | 31 | 2,8 | 3,0 |
| Neitar/veit ekki | 65 | 5,9 | - |
| Alls | 1094 | 100% | 100% |

## III. Ítarlegri greining

Hér á eftir eru niðurstöður könnunarinnar greindar eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, stétt og stuðningi fólks við stjórnmálaflokka. Munurinn á einstökum hópum í töflunum er metinn á tölfræðilegan hátt og eru niðurstöðurnar settar fram sem stjörnur við hverja bakgrunnsbreytu. Í grófum dráttum má segja að þrjár stjörnur tákni að munurinn sé mjög vel marktækur, tvær að hann sé nokkuð vel marktækur, ein stjarna að hann sé þokkalega marktækur og engin stjarna að munurinn sé ekki marktækur[1].

[1] Miðað er við .001 (***), .01 (**) og .05 (*).

**Tafla 4**
Hver af eftirfarandi málaflokkum finnst þér að ætti að vera mikilvægastur í komandi kosningabaráttu?

| | Launa- og kjaramál | Fjölskyldu- og skólamál | Atvinnu- mál | Umhverfis- mál | Utanríkis- mál | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | 39,6 | 19,1 | 31,8 | 5,4 | 4,1 | 998 |
| <u>Kyn</u> *** | | | | | | |
| Karl | 33,8 | 12,6 | 40,5 | 6,5 | 6,7 | 509 |
| Kona | 45,7 | 26,0 | 22,7 | 4,3 | 1,2 | 488 |
| <u>Aldur</u> *** | | | | | | |
| 18-24ára | 39,9 | 13,9 | 30,6 | 11,0 | 4,6 | 173 |
| 25-34ára | 39,5 | 26,5 | 26,0 | 3,6 | 4,5 | 223 |
| 35-44ára | 35,4 | 23,6 | 34,5 | 4,8 | 1,7 | 229 |
| 45-59ára | 39,4 | 14,2 | 38,1 | 4,1 | 4,1 | 218 |
| 60-75ára | 46,1 | 14,9 | 28,6 | 4,5 | 5,8 | 154 |
| <u>Búseta</u> *** | | | | | | |
| Reykjavík | 42,5 | 21,1 | 24,7 | 7,6 | 4,1 | 369 |
| Reykjanes | 42,1 | 22,6 | 26,8 | 3,8 | 4,7 | 235 |
| Landsbyggð | 35,4 | 15,3 | 41,5 | 4,3 | 3,6 | 393 |
| <u>Hjúskaparstaða</u> *** | | | | | | |
| Gift(ur) | 38,0 | 20,4 | 33,7 | 4,1 | 3,8 | 555 |
| Í sambúð | 38,0 | 22,2 | 32,7 | 3,5 | 3,5 | 171 |
| Einhleyp(ur) | 42,0 | 11,5 | 28,5 | 11,5 | 6,5 | 200 |
| Fráskilin(n) | 36,6 | 26,8 | 31,7 | 2,4 | 2,4 | 41 |
| Ekkja/ekkill | 64,5 | 19,4 | 12,9 | 3,2 | 0,0 | 31 |
| <u>Stétt</u> *** | | | | | | |
| Verka- og afgreiðslufólk | 52,7 | 19,5 | 22,3 | 3,1 | 2,4 | 292 |
| Iðnaðarmenn/verkstjórar | 35,2 | 11,7 | 44,5 | 3,1 | 5,5 | 128 |
| Skrifstofu- og þjónustufólk | 41,3 | 23,3 | 24,3 | 8,7 | 2,4 | 206 |
| Sérfræðingar/atvinnurek. | 22,1 | 14,7 | 52,9 | 2,9 | 7,4 | 136 |
| Sjómenn/bændur | 20,5 | 15,7 | 48,2 | 4,8 | 10,8 | 83 |
| Ekki útivinnandi | 41,1 | 25,2 | 21,9 | 9,9 | 2,0 | 151 |
| <u>Stuðningur við flokk</u> ** | | | | | | |
| Alþýðuflokkur | 48,7 | 21,1 | 26,3 | 3,9 | 0,0 | 76 |
| Framsóknarflokkur | 32,0 | 11,5 | 44,3 | 4,9 | 7,4 | 122 |
| Sjálfstæðisflokkur | 37,8 | 19,3 | 36,3 | 3,5 | 3,2 | 347 |
| Alþýðubandalag | 42,2 | 10,9 | 29,7 | 7,8 | 9,4 | 64 |
| Kvennalisti | 43,4 | 26,4 | 17,0 | 9,4 | 3,8 | 53 |
| Aðrir flokkar | 40,0 | 30,0 | 30,0 | 0,0 | 0,0 | 10 |
| Óráðnir | 41,3 | 20,8 | 26,7 | 7,1 | 4,0 | 322 |

**Tafla 5**

"Á hvaða málaflokka finnst þér Kvennalistinn leggja mesta áherslu?" greint eftir því hvaða málaflokkar ættu að vera mikilvægastir í komandi kosningabaráttu.

| | Launa- og kjaramál | Fjölskyldu- og skólamál | Atvinnu- mál | Umhverfis- mál | Utanríkis- mál | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Launa- og kjaramál | 12,3 | 12,2 | 17,4 | 13,6 | 17,1 | 14,2 |
| Fjölskyldu- og skólamál | 33,0 | 37,2 | 32,6 | 22,7 | 31,4 | 33,0 |
| Atvinnumál | 1,4 | 1,4 | 2,1 | 2,3 | 0,0 | 1,6 |
| Umhverfismál | 2,5 | 4,7 | 5,4 | 2,3 | 2,9 | 3,8 |
| Mjúk mál/kvennamál | 25,6 | 23,0 | 24,0 | 36,4 | 28,6 | 25,3 |
| Annað | 15,1 | 13,5 | 9,5 | 15,9 | 11,4 | 12,9 |
| Ekkert | 10,2 | 8,1 | 9,1 | 6,8 | 8,6 | 9,2 |
| Heildarfjöldi | 285 | 148 | 242 | 44 | 35 | 754 |
| Alls | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |